# Sjómannaskólareitur

Anna Lísa Guðmundsdóttir

Borgarsögusafni

# Fornleifar og yngri minjar

- Borgarsögusafn hefur skráð fornleifar og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu.
- Á svæðinu eru 9 minjastaðir, sjá kort.
- Einungis 2 eru eftir sýnilegri, 1974-1 fiskreitur, stakkstæði vestan við Sjómannaskólann og hamrabelti sem afmarkar námuna gömlu námuna 1974-2.

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | ● Rauður |
| 2 | Minjar frá 1920-1930 | ● Gulur |
| 3 | Minjar frá 1930 og yngri | ● Grænn |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár |



1974-1
1974-2
1974-9
1974-8
1974-8
1974-7
1974-8
1974-6
1974-4
1974-5
1974-3
Nóatún
Skipholt
Háteigsvegur
Háteigskirkja
Klambrar
Stakkahlíð
Flókagata
Stangarholt
Nóaborg
0
50
100
200
m
Minjar
Fornleifar 100 ára eða eldri
Minajr frá 1920-1930
Minajr frá 1930 og yngir
Herminajr frá 1940 og yngri
Fornleifar horfnar
15 m verndarsvæði minja
Minjar frá 1920-1930
Minjar frá 1920-1930 horfnar
Minjarf frá 1930 og yngri
Minajr yngri en1930 horfnar
Deiliskipulagssvæði
Borgarvefsjá. Kort úr LUKR - Notist ekki sem heimild til graftar

# Á Rauðarárholti

- Beitiland
- Landamerki
- Náma til 1913-1945
- Vatnstankar 1916, lóð afmörkuð 1924, viti frá 1929
- Erfðafestubýli – Geymisvöllur 1925-1991.
- „Svarti skúrinn“ 1921-1965.
- Fiskireitir/fiskvinnsla (1921) 1933-1955.
- Herinn 1940, Camp Sheerwood, eða Háteigskampur og Camp Tower Hill.
- Fótboltavöllur Fram 1945-1972.
- Sjómannskólinn í byggingu 1942-1945.



# Grjótnám Reykjavíkur





| MÍ nr. | Safn nr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Leng m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1974-2 | 9-28 | Grjótnám Reykjavíkur | Náma | Náma | 1913-1945 | 358763 | 407324 | | | Sæmilegt | Nei |

# 1928-1929 Fiskreitur bæjarins og fiskvinnsla Ara Fróða



Fiskreitir í landi Rauðarár um 1930, vinstramegin á myndinni austan við Höfða er fiskvinnsluhús Defensor og fiskreitur þeirra, á milli Höfða og Rauðarár var Njarðarstöðin á stórum reit, upp af honum sunnan við Laugaveg er Otursstöðin, líka nefnd Mjölnisstöðin, og efst á myndinni sunnan við Háteigsveg var fiskvinnsla Ara Fróða sem Kveldúlfur rak líka seinna.
Þar var fiskreitur bæjarins gerður 1921.
Myndin er sennilega tekin í vætutíð því fisknum hefur verið staflað í stakka sem breytt er yfir með hvítu segli.



1930



Horft í vestur eftir Háteigsvegi í átt að Háteigi árið 1940, vinstra megin á myndinni er fyrst úthús Háteigs,
næst er gamla íbúðahúsið byggt 1907 nefnt Litli Háteigur eftir að nýja íbúðahúsið var byggt 1921.
Hægra megin er „Svarti skúrinn" sem var fyrst byggður sem kaffi aðstaða fyrir verkamenn sem unnu að
fiskreitagerð 1921 og varð síðar hýbýli verkakvenna sem unnu við saltfiskverkun hjá Kveldúlfi. Fjær sér síðan í Sunnuhvol
og skorsteinn Ölgerðarinnar og fleiri versmiðjuhús sem stóðu á milli Rauðarárstígs og Þverholts,
í forgrunni er fiskreitur bæjarins.

# 1954

Háteigur og Nóatún



*Fiskreiturinn eða stakkstæðið við Sjómannaskólann, 1974-1*

Fiskreiturinn ber glöggt merki um að vera manngert svæði og þar má greinilega sjá tilhöggið grágrýti um 25 x 25 cm sem lagt hefur veri niður eins og hellur.





Grjótið er mosavaxið og svæðið er auk þess að hverfa undir gróður en finna má grjótlögnina undir mosa þembunni, *nauðsynlegt væri að fjarlægja trjágróður af svæðinu* til að minjarnar grói ekki alveg upp og hverfi undir svörð.

# 2018 menningarmerkingar






Vatnstankarnir á Rauðarárholti á sjómannadeginum 4. júní 1946, vitinn er á vestari geyminum eins og turn.



1950



1950



# 1960

Geymisvöllur 1925-1991





Camp Sheerwood, *Háteigskampur,*
var beggja vegna Háteigsvegar að
norðan þar sem síðar reis
Háteigskirkja og að sunnan milli
Háteigsvegar og Flókagötu. Austar
var síðan Camp Tower Hill
suður af vatnsgeymunum



Fótboltavöllur Fram í gömlu námunum við Skipholt áið 1961, ungir drengir að æfa.

# Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Grjótnáman við Skipholt (1974-2), norðan við Sjómannaskólann. Enn má en sjá ummerki eftir grjótnám sem fram fór á fyrrihluta 20. aldar, bergstálið, sem voru syðri mörk námunar.  Vernda ber þessi ummerki námunar til framtíðar.

*Fiskþurrkunarreiturinn, stakkstæðið (1974-1) er* ***sjaldgæfur og einstakur*** *minjastaður.*
*Margir slíkir reitir voru víða í Reykjavík fyrr á tímum bæði náttúrulegir við ströndina og manngerðir eins og á Rauðarárholtinu, en hann er eini sjáanlegi reiturinn sem eftir er í Reykjavík.*
***Ákveðinn upplifun*** *er að sjá þessar minjar, þar sem steinarnir hafa verið lagðir haglega niður.*
*Reiturinn var gerður af verkamönnum í atvinnubótavinnu á kreppuárunum þegar mikið atvinnuleysi var og er því hluti af* ***atvinnusögu Reykjavíkur****. Þó minjarnar séu ekki mjög gamlar eru þær lýsandi fyrir aðferð sem notuð var fyrr á öldum við gerð fiskreita. Saltfiskur var unninn með þessari þurrkunaraðferð, þ.e. sólþurrkaður, allt frá 17. öld en saltfiskur var aðal útflutningsvara íslendinga á árunum1855-1938.*
***Aðgengi að minjunum*** *er gott og áskomulag þokkalegt en hreinsa þarf trjágróður af svæðinu.*
*Hugsanlega mætti nota þennan stað til fiskþurrkunar og myndi þá saltið sjá til þess að annar gróður sem er að vaxa yfir reitinn myndi hverfa.*
*Fiskþurrkunarreiturinn hefur því* ***mikið varðveislugildi*** *og* ***margþætt minjagildi.***
*Er hluti af atvinnusögu Reykjavíkur, sem tengist fiskvinnslu, fiskverkafólki og verkamönnum í atvinnubótavinnu. Því er lagt til að reiturinn hljóti hverfisvernd.*

# Varðveislumat húsa

- Lagt er til að vatnsgeymarnir tveir á Rauðarárholti, sem mynda heild ásamt yngra dæluhúsi, njóti *hverfisverndar.*
- Vatnsgeymarnir mynda órjúfanlega heild, þó þeir séu byggðir á mismunandi tímum og einungis annar þeirra sé aldursfriðaður, enda eru þeir sambærileg mannvirki, samræmdir í útliti og umluktir jarðvegi og torfi sem ein heild. Yngra dæluhús norðanvert við geymana er fellt inn í þessa heild á hógværan hátt svo að lítið ber á því.
- Vatnsgeymarnir hafa mikið sögulegt og umhverfislegt gildi. Þeir eru mikilvægur vitnisburður um innviðasögu borgarinnar, vatnsveitu og brunavarnir, eru gamalt og þekkt kennileiti á Rauðarárholti og hafa gildi sem útsýnisstaður.